



Ásakórinn þegar kóramót var haldið í Tunguseli en kór Breiðabólstaðar heimsótti þau. Undirleikari er Brian

Sr. Ingólfur Hartvigsson spjallar við börnin á jólaballi í Tunguseli.



Tveir kúnstugir karakterar mættu að sjálfsögðu á jólaballið.



Myndir:  
Hildigunnur Jóhannesdóttir



# VITINN

ÚTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG [frettir@simnet.is](mailto:frettir@simnet.is)

**Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum**

## ÞRETTÁNDAGLEÐI

### /UPPSKERUHÁTÍÐ UMF DYRHÓLAEYJAR

verður haldin í félagsheimilinu Ketilsstöðum

5. jan. kl. 20,30.

**Brenna**

**Annáll ársins 2007**

**Verðlaunaafhendingar**

**BINGÓ**



SMÁAUGLYSINGAR

## Opinn fundur

um málefni Ketilsstaðaskóla

verður haldinn í Ketilsstaðaskóla

**mánudaginn 7. janúar 2008 kl 20:30.**

Allir velkomnir.

Sveitarstjóri



### Vantar myndir

Á nokkur til í fórum sínum, eða veit um myndir af gömlu bílunum hans Haraldar læknis, þ.e. Willys herjeppanum (eða var það kannski Ford?) og Willys station. Herjeppinn var ákaflega minnisstæður, húsið á hann var smíðað hjá hernum, rauður á lit og það vægast sagt ekkert augnayndi. Vinsaml. hafið samband sem eigið eða vitið um myndir. E.

Auðtrúa þú aldrei sért aldrei tala um hug þinn þvert, það má kalla hygginn hátt að hugsa margt en skrafa fátt.

Höfundur: Hallgrímur Pétursson skáld f.1614 - d.1674. Fæddur í Gröf á Höfðaströnd eða Hólum í Hjaltadal Skag. Prestur í Hvalnesþingum og síðar í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd uns hann lét af prestskap vegna holdsveiki. Hallgrímur er jafnan talinn eitt mesta trúarskáld Íslendinga og skipa passíusálmur hans sérstakan sess meðal þjóðarinnar.

1. TBL. 11. ÁRGANGUR FIMMTUDAGINN 3. JANÚAR 2008



## Húsaleigubætur 2008

*Skaftárhreppur minnir á að skv. 4 reglugerð um húsaleigubætur nr. 118/2003 skal sækja um húsaleigubætur fyrir hvert almanaksár og gildir umsóknin til ársloka.*

Umsóknir skulu hafa borist sveitarfélagi eigi síðar en 16. dag fyrsta greiðslumánaðar. Umsóknareyðublöð má nálgast á skrifstofu Skaftárhrepps og á vef Félagsmálaráðuneytisins.

<http://www.felagsmalaraduneyti.is/malaflokkar/husaleigubaetur/>

Skrifstofa Skaftárhrepps.



Víkurbúar voru duglegir við að skreyta hús sín fyrir jólin, og voru Útlagarnir þar einna harðastir. Mynd: Sigurður Hjálmarsson




Skeiðará í byrjun desembermánaðar. Þá kom lítið hlaup í ána. Mynd: Jónas Erl.

## Bakkabræður

### Í viðarmó

Eitt sinn fóru Bakkabræður í viðarmó; var það hátt upp í brattri fjallshlíð. Nú rifu þeir viðinn og bundu byrðar til að velta ofan brekkuna. Þá hugsaðist þeim að hvorki gætu þeir séð hvað byrðunum liði á leiðinni né heldur vitað hvað af þeim yrði þegar ofan kæmi. Kom þeim þá það ráð í hug að binda einn þeirra bræðra innan í eina byrðina og skyldi hann hafa auga með byrðunum. Tóku þeir svo Gísli, bundu hann inn í eina byrðina og létu höfuðið standa út úr. Síðan veltu þeir byrðunum á stað og ultu þær ofan á jafnsléttu. En þegar Eiríkur og Helgi komu ofan fóru þeir að hyggja að bróður sínum og vantaði þá á hann höfuðið svo hann gat ekkert sagt hvernig byrðunum hafi liðið eða hvar þær höfðu lent. Þó þeir Eiríkur og Helgi væru ekki nema tveir eftir þá sögðu þeir ávallt eins og áður þegar annar talaði til hins : "Gísli-Eiríkur-Helgi".



Bakkabræður fá sér fótabað

### Í fótalauginni

Þeim Bakkabræðrum hafði verið sagt að það væri ósköp hollt fyrir þá að gera sér endrum og sinnum heitar fótalaugar. En af því að jafnan var þröngt um eldivið hjá þeim tímdu þeir ekki að hita vatn til þess. Einu sinni vildi svo vel til að þeir hittu fyrir sér laug eða hver á ferð sinni. Nú hugsuðu þeir sér gott til glóðarinnar að þeir skyldu fá sér heitar fótalaugar fyrir ekki neitt, tóku því af sér skó og sokka og settust hver hjá öðrum í kringum hverinn og höfðu fæturnar ofan í. Þegar þeir fóru að gæta að þá þekkti enginn þeirra sína fætur frá hinna. Með þetta voru þeir lengi í stöku ráðaleysi; þeir þorðu ekki að hreyfa sig því þeir vissu ekki nema þeir kynnu að taka skakkt til og taka hvers annars fætur og sátu svona þangað til að þar bar að ferðamann.

Þeir kölluðu til hans og báðu hann í öllum bænum að þekkja í sundur á þeim fæturna.

Maðurinn gekk til þeirra og sló með stafnum sínum á lappinar á þeim og kannaðist þá hver við sínar.


### Endalok

Það hef ég seinast frétt af þeim bræðrum Eiríki og Helga að þeir sáu tungl í fyllingu koma upp úr hafi og gátu síst skilið í, hvað það væri. Fóru þeir þá til næsta bæjar og spurðu bóndann þar hvað þessi hræðilega skepna væri. Maðurinn sagði þeim að það væri herskip. Við það urðu þeir svo hræddir að þeir hlupu inn í fjós og byrgðu bæði dyr og glugga svo engin skíma næði inn til þeirra, og þar er sagt að þeir hafi svelt sig í hel af ótta fyrir herskipinu.

Úr þjóðsögum Jóns Árnasonar



Ökumaðurinn, Finnbog Gunnarsson undir stýri



Hlassinu sturtað af

## Viðbót við annál

Við samantekt smá fréttanna fyrir árið 2007 í jólablaði Fréttabúa, gleymdist alveg að geta um framkvæmdir við gerð varnargarðs austan Múlakvíslar, norðan við Þjóðveg 1 og endurbætur á vegi í Landbroti. Það var Framrás í Vík, sem vann þessi verk.

Þeir sem fara yfir Mýrdalssand, hafa að sjálfsögðu barið þessa framkvæmd augum. En hún er gerð til að verja þjóðveginn fyrir skemmdum vegna vatnangangs.

Múlakvísl hefur stöðugt verið að grafa sig til austurs og því þótti brýn nauðsyn að koma upp traustri vörn nokkuð frá veginum til að verja hann áföllum. Enda hefur fyrri reynsla kennt mönnum hvers má vænta ef slakað er á vörnum.

Eins og menn muna kom dálítið hlaup í Múlakvísl í sumar, sem stóð aðeins í smátíma en hefði þó að mati kunnugra hæglega getað grafið veginn í sundur hefði garðurinn ekki verið kominn.

Garðurinn (þ.e. vesturendinn) er ca 500 m norðan austurenda Múlakvíslarbrúar og liggur til austurs um það bil 1400 m langur. Í garðinn fóru 33 þús rúmm. af fyllingarefni

plús 11.500 rúmm af grjóti, sem tekið var austan í Háfelli og var allt flutt á "Búkollu" sem Framrás var með á leigu í sumar, en fyrirtækið er reyndar búið að kaupa sér Búkollu, en þetta eru hin þörfustu tæki, ekki síst við grjóftflutninga svo og alla grófefnaflutninga og þar sem er óslétt eða yfir vatn að fara. Í haust var sáð í svæðið milli garðs og vegar og var það farið að lifna í haust.

Ekki er mér kunnugt hvernig Búkollunafnið er til komið, en það eru margar verksmiður sem framleiða bíla í þessum stíl.

Þá var framlengdur varanlegur vegur í Landbrotinu frá Grenlæk og suður fyrir Jónskvísl fyrir sunnan hraun. Vegurinn var allur hækkaður og breikkaður, og síðan klæddur slitlagi. Þá var tekin af lítil brú á Jónskvísl og rör sett í staðinn og fleiri ræsi endurnýjuð. Þá var Framrás með verk út í Fljótshlíð og í haust í Þórsmörk þ.e. á Þórsmörkurveg-inum.

Hart er orðið barist um allar brúa- og veg-af framkvæmdir, því er það fagnaðar-efni hvert verk sem verktakar heima í héraði ná í.

E



Myndin sýnir vel legu garðsins



Það hefði þótt gott að hafa svona tæki þegar vatnagangurinn var á Mýrdalssandi árið 1955



Búkollan snýr bara upp á sig, en hún er liðstýrð.  
Myndirnar af Búkollu og vegaf framkvæmdum: Jónas Erlendsson

### Kambur og Kamsbránið:

Vestast í Hróarsholtshverfinu er bærinn Kambur, sem áður var hjáleiga frá Hróarsholti. Stendur hann á fallegum stað undir svipmiklum klettum. Hinn 9. febrúar 1827 gerðist þar sá atburður sem frægur hefur orðið í Íslandssögunni, er fjórir grímuklæddir menn brutust inn, lögðu hendur á heimilisfólkið og rændu töluverðu fé.

Á Kambi bjó þá Hjörtur Jónsson. Vitað var að hann var ríkur og geymdi mikið fé heima hjá sér. Hjörtur var ekkill, en hafði ráðskonu og vinnukonu, og auk þess var þar ungur drengur í vist. Vont veður var þessa nótt, stormur og hrakviðri. Ránsmenn þustu inn í bæinn, bundu bónda og ráðskonu á höndum og fótum, köstuðu þeim á gólfið og sængurbúnaðinum ofaná. Síðan reyndu þeir að neyða vinnukonuna til að segja til peninganna. Var hún því næst einnig bundin, svo og drengurinn. Þeir brutu upp allar hirslur og sneru við öllu lauslegu í leit að peningum. Höfðu þeir um 1.000 ríkisdali upp úr krafsinu og hurfu loks á brott eftir að hafa hótad fólkinu öllu illu. Hirti bónda tókst svo að losa svo um böndin að hann gat skreiðst að Hróarsholti og kallað á hjálp. Meðan á því stóð losnuðu konurnar einnig og komust að Grákletti, sem var kot í næsta nágrenni. Hjörtur hélt þegar, ásamt liðsauka, aftur að Kambi. Þar var ljót aðkoma, enda höfðu ræningjarnir gengið rösklega til verks. Ekki höfðu þeir þó gætt sín betur en svo að ýmsa hluti frá sér höfðu þeir misst.

Þegar sýslumaður tók að rannsaka málið lá leið hans fljótlega til Stokkseyrar, en þar var þá nokkurt útræði. Meðal þeirra sem hann hafði þar tal af var hin þekktu Þuríður formaður, sem var sérstæð og glögg kona. Hún átti mikinn þátt í að mál

þetta upplýstist og má jafna aðferðum hennar við það sem best gerist hjá rannsóknarlögreglu nútímans. Þuríður taldi sig þekkja handbragðið á skó sem fundist hafði, og bárust við það böndin að manni þeirrar konu sem skóinn hafði gert, Jóni Geirmundssyni á Stéttum í Hraungerðishreppi. Þuríður veitti því einnig eftirtekt að för á járnteini sem fundist hafði, pössuðu við steðja í eigu Jóns. Af vettlingi sem fannst í túninu á Kambi, bárust böndin að Jóni Kolbeinssyni, á Brú í Stokkseyrarhreppi, og lá Hafliði bróðir hans einnig undir grun. Þeir voru báðir í skipsrúmi hjá Þuríði. Þegar farið var að yfirheyra þessa menn játuðu þeir loks á sig ránið og bentu á forsprakkann, sem reyndist vera Sigurður Gottsvinsson á Leiðólfsstöðum, sem var þekktur ofstopamaður. Frekari rannsókn leiddi í ljós ýmsa aðra sem samsekir voru. Reyndar má segja að komist hafi upp um heilt bófafélag um 20 manna, sem m.a. hafði staðið að stórbjöfnadi úr Eyrarbakaverslun.

Um ári síðar kvað sýslumaður Árnesinga upp dóm í málinu. Var Sigurður dæmdur til hýðingar, brennimerkingar og ævilangs þrældóms í Kaupmannahöfn, Jón Geirmundsson til hýðingar og þrældóms ævilangt, Jón Kolbeinsson til 12 ára þrældóms og Hafliði til 8 ára. Sigurður var drepinn í fangavistinni, en hinir fengu sakauppgjöf frá kóngi

Af vefnum: Fróðleikur, staðir, sögur  
í nágrenni Þjorsárvers